

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2083/2005

frá 19. desember 2005

um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu<sup>(1)</sup>, einkum 69. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga<sup>(2)</sup>, einkum 78. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um opinbera samninga,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994)<sup>(3)</sup> samþykkti ráðið samning um opinber innkaup, hér á eftir nefndur „samningurinn“, sbr. 4. viðauka við þá ákvörðun. Samkvæmt skilmálum samningsins skal fara að reglunum, sem þar er mælt fyrir um, um leið og viðkomandi samningar ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar, sem hér á eftir nefnast „viðmiðunarfjárhæðir“, og settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipana 2004/17/EB og 2004/18/EB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita þeim, kleift að uppfylla jafnframt þær skyldur sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði verður framkvæmdastjórnin að kanna þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipunum sem samningurinn tekur til, og hækka þær eða lækka ef nauðsyn krefur til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum, sem eru

námundaðar að næsta þúsundi og jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru í samningnum. Upphæð viðmiðunarfjárhæðanna í tilskipunum jafngildir ekki upphæð viðmiðunarfjárhæðanna í samningnum, sem hafa verið endurreiknaðar þannig að þær taki til tímabilsins frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2007. Því ber að endurskoða þær.

- 3) Enn fremur hafa þær viðmiðunarfjárhæðir, sem eru óháðar samningnum, verið lagaðar að þeim viðmiðunarfjárhæðum sem byggjast á honum í tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB í þeim tilgangi að fækka þeim viðmiðunarfjárhæðum sem ber að fara eftir. Þess vegna er rétt að endurskoða þær einnig.
- 4) Breytingarnar hafa ekki áhrif á innlend ákvæði til framkvæmdar tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB þar sem ákveðnar eru lægri viðmiðunarfjárhæðir en þær sem eru tilgreindar í tilskipunum.
- 5) Því ber að breyta tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2004/17/EB:

1. 16. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) í a-lið komi fjárhæðin „422 000 evrur“ í stað „473 000 evrur“,
  - b) í b-lið komi fjárhæðin „5 278 000 evrur“ í stað „5 923 000 evrur“.
2. 61. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) í 1. mgr. komi fjárhæðin „422 000 evrur“ í stað „473 000 evrur“,
  - b) í 2. mgr. komi fjárhæðin „422 000 evrur“ í stað „473 000 evrur“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. ESB L 358, 3.12.2004. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/51/EB (Stjtið. ESB L 257, 1.10.2005, bls. 127).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114, leiðrétt með Stjtið. ESB L 351, 26.11.2004. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/75/EB (Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 55).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2004/18/EB:

1. 7. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „137 000 evrur“ í stað „154 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „211 000 evrur“ í stað „236 000 evrur“,
- c) í c-lið komi fjárhæðin „5 278 000 evrur“ í stað „5 923 000 evrur“.

2. Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „5 278 000 evrur“ í stað „5 923 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „211 000 evrur“ í stað „154 000 evrur“.

3. Í 56. gr. komi fjárhæðin „5 278 000 evrur“ í stað „5 923 000 evrur“.

4. Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 63 gr. komi fjárhæðin „5 278 000 evrur“ í stað „5 923 000 evrur“.

5. Ákvæðum 1. mgr. 67. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „137 000 evrur“ í stað „154 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „211 000 evrur“ í stað „236 000 evrur“,
- c) í c-lið komi fjárhæðin „211 000 evrur“ í stað „236 000 evrur“.

## 3. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004 <sup>(1)</sup> er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2006.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

## 4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 326, 29.10.2004, bls. 17.